

GCD

Bubbi & Rúnar / GCD - Rokkað á Mýrdalssandi

Rokksveitin GCD er beint afsprengi samstarfs þeirra Bubbi Morthens og Rúnars Júlíussonar. Sveitin sem varð til vorið 1991 var sumarhljómsveit og starfaði hún í þrjú sumur það er 1991, 1993 og 1995 og sendi frá sér plötu hvert sumar. Síðan hefur verið hljótt um sveitina ef frá er talin safnplata með úrvali af plötunum þrem sem kom út árið 2002. og endurvakningin á stótónleikum Bubba í Höllinni 6. júní 2006. Og í ljósi sögunnar er aldrei að vita nema GCD starti aftur yfirgefnum bíl í vegakanti á Mýrdalssandi.

Rúnar Júlíusson er án vafa holdgerfingur rokkónlistar á Íslandi. Hann hafði með einstökum rokkþöktum og villtri sviðsframkomu tryllt jafnt ungar meylar sem pílta á fyrri hluta sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar ásamt félögum sínum í Hljómum og síðar í Trúbrot. En enginn er eilíf nýjung og með árunum hafði þessi lifandi goðsögn rokksins allt að því fallið í gleym. Það efni sem hann hafði sent frá sér ekki þótt ná sömu hæðum og áður. Einn þeirra sem Rúnar hafði haft áhrif á var Bubbi Morthens og segja má að fyrir utan nafna sinn Rúnar Gunnarsson hafi hann verið einn fárra íslenskra tónlistarmanna, sem það gerðu á þeim árum sem Bubbi var að meðtaka tónlistarstefnur og strauma sem hann síðar átti eftir að nýta sér, ef frá er talin Megas sem Bubbi hafði unnið með á níunda áratugnum.

Árið 1990 stóð Bubbi á ákveðnum tímamótum. Hann hafði verið á toppi íslenskrar rokk- og popptónlistar í heilan áratug og líðandi árið hafði verið Bubba gjöfult. Bók hans og Silju Aðalsteinsdóttur hafði setið á bekk metsölubóka og sólóplatan Sögur af landi hafði feikigóða dóma og jákvæð viðbrögð plötukaupenda.

Hugmyndin að samstafi Bubba og Rúnas fæddist í samræðum milli Bubba og Óttars Fleix Haukssonar sem hefur verið viðloðandi tónlistargeirann svo áratugum skiptir.

Þeim fannst báðum kominn tími til að vekja athygli á þessu aldna rokkgoði og áhrifavaldi sem Rúnar Júlíusson óneitanlega var. Eftir að Óttar hafði fengið samþykki beggja aðila má segja að allt hafi farið í gang. Almennigur fékk fyrsta nasapefning af þessu á árlegum Þorláksmessutónleikum Bubba á Hótel Borg 1990 þar sem Rúnar kom fram sem gestur. Meðal laganna sem þeir félagar fluttu á þessum mögnuðu tónleikum á Borginni var nýtt lag Bubba; Kaupmaðurinn á horninu. Lag sem síðar átti eftir að prýða fyrstu plötu þeirra félaga. Í kringum þessa uppkömu fæddist sú hugmynd að Bubbi myndi aðstoða Rúnar við gerð næstu hans og leggja þar til texta og jafnvel einhverjar lagasmíðar.

Snemma árs 1991 var Bubbi kominn af stað við tónleikahald og í marsbyrjun var hann á ferð um Skandinavíu. Alþýðublaðið tók hann á honum í ferðinni og í viðtali við hann sem birtist í blaðinu 28. mars 1991 kemur fram að Bubbi lét sig dreyma:

„Helst myndi ég vilja getað slappað af í eitt ár og skrifa á hverjum degi. Og það er ég að gera mér vonir um að geti tekist á þessu ári, farið eitthvað með fjölskylduna og skrifa – hvíla mig aðeins á músíkinni“.

Vart hafði fólk rennt augunum yfir þessi ummæli þegar þær fréttir flugu að Bubbi væri kominn á fulla ferða við vinnu á nýrri plötu Rúnari. Upphaflega ætlunin hafði þó verið að leggja til nokkra texta og laglínur eins og áður segir. En þegar Bubbi mætti til Rúnara með ein tvö þrjú lög og texta í pokahorninu má segja að hann hafi orðið fyrir rokkálögum sem framkölluðust í textum og lagahugmyndum og eftir að hafa tekið upp demó af nokkum laganna tveir einir í Upptökuheimili Geimsteins ákváðu þeir að vinna plötuna í sameiningu.

Var nú hóað í mannskap til að galdra rokkið á band. Bergþór Morthens, bróðir Bubba, mætti með gítarinn sinn, Gunnlaugur Briem trommari Mezzoforte og markar þessi fyrsta plata upphaf áratugs samstarfs Bubba við þennan snjalla trommara. Þá var hóað í frásérfræðinginn Óttar Felix sem hafði átti sinn þátt í hugmyndinni og var hann þeim einskonar andlegur rokkleiðbeinandi, að auki var til kallaður Guðmundur Pétursson gítarséni sem lék á sligdegítar í nokkrum laganna. Og nú gerðust hlutirnir hratt, löggin útsett, æfð og hljóðrituð, í maímánuði undirskrifaður samningur við útgáfufyrirtækið Steinar hf og innan við viku frá því að Alþýðublaðið voru þeir félagar mættir til tónleikahalds á veitingastaðnum Tveir vinir og annar í fríi, þar sem þeir prufukeyrðu fyrir

viðstadda nokkur þeirra laga sem platan átti að geyma.

Daginn fyrir útgáfudag plötunnar eða þann 16. júní 1991 var hljómsveitin mætt á einhverjum stærstu rokktonleikum Íslandssögunnar, þar sem til leiks voru mættar nokkrar erlendar sveitir eins og Posion, Slaughter, Quierboys, Thunder auk GCD en nafn sveitarinnar var fengið af væntanlegri plötu þeirra félaga, og á síðustu stundu bættust við hljómsveitirnar Bulletboys, Artch en sú síðastnefnda kom frá Noregi og skartaði rokksöngvaranum Eiríki Haukssyni. Óhætt er að segja að þetta hafi verið rokkveisla á heimsmælikvarða, því stöðvar eins og MTV sendi hingað tökulið ásamt því að fjöldi erlendra blaðamanna og annar g víðsvegar frá Evrópu mætti á svæðið.

Næsta dag eða þann 17. júní var opinber útgáfudagur plötu þeirra Bubba og Rúnars sem hlaut heitið GCD og var plötuheitið bein tilvitnun í þá gítarhljóma sem eru svo algengir í rokkinu. Platan var tileinkuð minningu Rúnars Gunnarssonar fyrrum söngvara Dáta og mátti finna á plötunni lag Bubba við texta eftir Berglindi Gunnarsdóttur systur Rúnars. En það var eina lag plötunnar sem ekki var eftir þá félag Bubba og Rúnar sem voru sameiginlega skráðir sem höfundar laga og texta.

Mönnum fannst þó textar og lagasmíðar frekar komnar úr smiðju Bubba en Rúnars svona miðað við fortíð beggja og þegar Bubba inntur eftir þessu var skýring hans einföld. Þar sem hann sagði nálægð Rúnars hafi opnað hugmyndir texta og tóna á það sterkar hátt að aldrei hafi annað komið til greina en skrifa þá báða fyrir efninu enda hefði Rúnar vissulega lagt sitt að mörkum í gerð efnisins ýmist með beinum hætti eða með nærveru sinni. Platan sem kom bæði út á LP og CD bar eitt aukalag á CD útgáfunni en árið 1991 var síðasta árið sem LP formatið var almennt gefið út hér á landi. Útgáfudagur plötunnar var líka upphaf átaks útgefenda Íslenskt tónlistarsumar sem hitti heldur betur í mark því fjölmargar plötur komu út þetta sumar og sala þeirra fór fram úr björtustu vonum. Það má því segja að plata sveitarinnar hafi opnað þetta áttak.

Fljólega var ljóst að plötunni yrðu þeir að fylgja eftir með einhverju tónleikahaldi og voru 4-5 uppákomur markmiðið. En segja má sveitin og platan hafi slegið í gegn og þau viðbrögð sem almenningur sýndi kom flestum í opna skjöldu og skyndilega var GCD or heitasta band sumarsins sem þeysti milli staða og spilaði út í eitt. Bubbi sagði síðar að hann hafi aldrei haft eins mikið að gera við spilamennsku og eins góðar tekjur af sumarmánuðum eins og sumarið 1991. GCD var hljómsveit ársins hvað vinsældir varðaði og lög eins og Mýrdalssandur, Kaupmaðurinn á horninu, Þitt síðasta skjól, Hamingjan er kítarkort, Hér er nóg og Dansinn lifir stritíð, voru leikin á öllum útvarpsstöðvum sólahringum saman. Rokktonlistin átti greinilega upp á pallborð landsmanna árið 1991. Platan fékk góða dóma, þó ekki væru þar nýjungar á ferð því efni plötunnar var allt að því klassískt rokk og ról og þekktir frasar ú rokkheiminum, án þess þó að hægt væri að benda á einhverjar lagastuldir í því samhengi enda slíku ekki til að dreifa.

Fjórða júlí þetta sumar kom sveitin fram á minningartónleikum um Karl J. Sighvatsson sem efnt var til í Þjóðleikhúsinu, en hann hafði látist í sviplegu bíslslysi fyrr um árið. Þar tók sveitin þrjú lög; Íslandsgálgi, Kaupmaðurinn á horninu og Þófamjúkt rándýr en tvö fyrrnefndu lögin voru síðar gefin út á safnplötu sem hafði að geyma upptökur frá þessum minningartónleikum en þriðja lagið var óútgáfuhæft vegna hljóðgalla. Meðal stærstu viðburða sveitarinnar má nefna Rykkrokkhátíðina 1991, þá komu þeir fram á stórtónleikum í Höllinni 6. og 7. júlí ásamt Skid Row sem þá var eitt heitasta rokkbandið í Bandaríkjunum.

Bubbi hljóðritaði enga nýja plötu fyrir þessi jólin, þess í stað var ákveðið að gefa út upptökur frá tónleikum sem hann hafði efnt til áður á veitingahúsinu Púlsinum. Henni varð engu að síður að fylgja eftir. Rúnar varð einnig að snúa sér aftur að sólóferli sínum og rekstri útgáfufyrirtækis síns, Geimsteins. Ákváðu þeir félagar því að efna til lokatónleika sem fram fóru á Hótel Borg 1. nóvember 1991 og var þeim útvarpað beint á Rás 2. Með þessum tónleikum lauk sögu GCD að sinni þetta fyrsta starfssumar.

Í ársbyrjun 1993 slitnaði upp úr samstarfi Bubba og útgáfufyrirtækisins Steinars með látum og varð úr nokkur blaðamatúr þar sem ásakanir gengu á víxl milli Bubba og stjórnenda útgáfunnar. Þar kom fram að GCD hafði gert þriggja plötu samning við Steinar. Skífan sem þá þegar átti hlut í Steinari hf náði samningi við Bubba og sá um útgáfu næstu plötu. Ákveðið var að keyra GCD þetta sumar og aftur hóað í Gulla trommara og Begga gítarleikara og platan Svefnvana hljóðrituð með látum á aðeins 153 tímum daganna 1.-14. mars en endanlegri vinnu við gerð plötunnar lauk 19. mars. Þessi keyrsla bitnaði óneytanlega á eðlilegum svefntíma meðlima og var heiti plötunnar bein skýrskotun til þess að sögn þeirra félaga. Plötunni var vel tekið og skaut sér strax í efsta sæti yfir mest seldu plötunna fyrstu útgáfuvíkuna samkvæmt lista DV sem byrtist 19. maí og þar sat hún fram til 16. júní er hún vék fyrir plötu Pláhnetunnar, Speis.

Lög eins og Hótel Borg, Litli prinsinn, Sumir fá allt og Sumarið er tíminn, náðu eyrum landsmanna og voru meðal mest leiknu laga útvarpstöðvanna. Þetta sumar var svipað árinu 1991 að því leyti að margar stærri hljómsveitirnar sendu frá sér efni s.s. Stjórn Sól og Pláhneta með Stefán Hilmarsson í broddi fylkingar, þá endurvakti Pétur Kristjánsson hljómsveitina Pelican með breyttri liðskipan og sendi hún frá sér plötu þetta sumar. Það má því segja að félagsheimili landsins hafi haft úr nógu að velja sumarið 1993. Dómar um plötuna voru að öllu jöfnu á jákvæðum nótum en hugmyndin með plötunni var rétt eins og á fyrri plötum hefðbundið rokk og ról.

Þó ekki færi eins mikið fyrir sveitinni í fjölmiðlum og árið 1991 náði hún þó að vekja á sér talsverða athygli fyrir nýtt lag sem samið fyrir úthátíðina að Eiðum um verslunarmannahelgina. Lagið sem spilað var í nokkur skipti á Rás 2 þótti helst til klúrið að mati síðapostula landsmanna og hvarf það úr spilun eftir að einhverjar kvartanir höfðu borist útvarpsstöðinni. Þetta lag var síðar ætlað á safnplötu sveitarinnar Mýrdalssandur sem Íslenskir tónar gaf út 2002, en þegar til átti að taka fundust ekki upptökur lagsins og verður það því að bíða síns tíma. Þegar líða fór að hausti var sama upp á teningnum og árið 1991, meðlimir hurfu til annarra sá má eiginlega segja að sveitin hafi hljóðnað, því nú voru ekki haldnir neinir stórir lokatónleikar og engin loforð gefin, eiginlega var GCD aðeins lögð í hvíld um sinn.

Vorið 1995 var enn og aftur blásið lífi í GCD. Og fyrstu fréttir voru þær að þeir félagar Bubbi og Rúnar hefðu haldið saman til Amsterdam með það í huga að semja efni á plötuna. Fáum sögum fór þó af ferðinni og ekkert að finna í efni hennar sem tengst GCD merku borg. Gárungarnir höfðu þó í flimtingum að þeir Bubbi og Rúnar hefðu verið að skoða lestarferfið þarna í Amsterdam til að sýna sér efni í texta lagsins Vímuefnahraðlestin og enn sem svo oft áður flugu rætnar sögur þess efnis að nú væri Bubbi fallinn í klær vímuefnanna á ný. Það var þó ekki greint á plötunni eða tónleikahaldi sveitarinnar þetta sumar.

Eftir heimkomuna eða frá seinni hluta mars fram í apríl var plata tekin upp án vinnuheitis en var á einhverjum tímamarki nefnd Á grænni grein, endanlegt heiti hennar varð þó Teika þegar hún kom út 1. júní 1995. Hvergi er að finna ásættanlega skýringu á þessari nafngift. Til aðstoðar þeim Bubba, Rúnari, Gulla og Begga kom Þórir Baldursson og lék á Hammondinn sinn og raddaði með þeim piltum. Platan var skrifuð á þá félagar Bubba og Rúnar líkt og fyrsta platan og því má segja að strangt til tekið hafi Bubbi og Rúnar sent frá sér tvær plötur en GCD hljómsveitin aðeins eina. Í huga almennings tilheyrir þær þó allar þeim mannskap sem nefndi sig GCD og því er efni þessara platna allt skrifað á sveitina.

Lög eins og Ég sé ljósið, Konur og vín og Vímuefnahraðlestin náðu að vekja forvitni plötukaupenda. Efnistaka plötunnar var á líku og áður. Þetta sumar þvældist sveitin um landið líkt og fyrri sumar og að venju var hún lögð til hvílu að hausti án loforða. Sveitin hóf nú skilað þrem plötum af sér og ólíklegt að hún verði endurvakin nema þá sem eitthvert „Comback“ þegar tíminn hefur lagt dulúð sína yfir nafn og efni GCD. Hvað sem því líður getur sveitin státað af því að vera einhver vinsælasta rokkveit sem stá á tíunda áratug tuttugustu aldarinnar og heilum áratug síðar er vel hægt að fullyrða að efnið hefur elst vel.

Á afmælistónleikum Bubba í Höllinni 06.06.06 kom þessi rokkveit saman á nýjan leik og átti fjögur lög á plötunni sem gefin var út með efni tónleikana. Guðmundur Pétursson gítarleikari mætti með þeim á sviðið og taldist hiklaust meðlimur rokkveitarinnar þetta kvöld, enda hafði hann átt sína flottu parta á fyrstu plötu sveitarinnar.

Þessi uppákoma sveitarinnar var sú síðasta með upprunalegri liðskipan því aðfaranótt 5. desember 2008 lést Rúnar Júlíusson af völdum hjartaáfalls. Óþarfi er að minnast á hve mikill missir það var fyrir unnendur tónlistar að missa þennan gleðigjafa sem átti sá jákvæðu hlutina í tilverunni.

Það þótti ekki koma á óvart að Ljósanótt 2009, helsta hátíð Keflvíkinga hin síðari ár skyldi tileinkuð Rúnar Júlíussyni. Það þótti líklegt að GCD kæmi saman á ný við það tækifæri og sendi þessu helsta rokkgoði íslenskrar poppsögu sína kveðju. Þá mætti sveitin til Egóinu í Sjallanum á Akureyri í október en fyrirhuguðum tónleikum í Reykjavík var aflýst af óþekktum ástæðum.

GCD (vorið 1991 - haustsins 1995, með hléum)

Bubbi Morthens: gítar, söngur

Rúnar Júlíusson: bassi, söngur

Bergþór Morthens: gítar

Gunnlaugur Briem: trommur

GCD (06.06.2006)

Bubbi Morthens: gítar, söngur

Rúnar Júlíusson: bassi, söngur

Bergþór Morthens: gítar

Gunnlaugur Briem: trommur

Guðmundur Pétursson: gítar

GCD (Sept. - Okt. 2009)

Bubbi Morthens: gítar, söngur

Júlíus Guðmundsson: bassi, söngur

Bergþór Morthens: gítar

Gunnlaugur Briem: trommur.

Útgáfuskrá

Hljóðversplötur

- Bubbi + Rúnar - GCD (1991)
- GCD - Svefnvana (1993)
- Bubbi og Rúnar - Teika (1995)

Safnplötur með GCD

- GCD - Mýrdalssandur (2002)

Aðrar plötur með áður útgefnu efni

- Ýmsir - Minningatónleikar um Karl J. Sighvatsson (1992)
- Bubbi - 060606 (2006)

DVD sem inniheldur efni með GCD

- Bubbi - 060606 (2006)

Samantekt, copyright: Bárður Örn Bárðarson